Nd. **235. Nefndarálit**

um frv. til laga um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá minni hluta Íslandsbankanefndar.

Ég hefi eigi getað átt samleið með meiri hluta nefndarinnar um að leggja til, að frumvarp þetta verði samþykkt. Að vísu fæst framgengt með frumvarpinu, ef það verður að lögum, þeirri meginstefnu Alþýðuflokksins i bankamálinu, *að* stofnaður verði nýr, öflugur útvegsbanki, er hafi á hendi nauðsynleg bankavið-

skipti vegna sjávarútvegs, iðnaðar og verzlunar, hliðstæðir Búnaðarbankanum, *að* tryggð séu yfirráð ríkisins yfir Útvegsbankanum, *að* hann taki að sér lífvænleg viðskipti Íslandsbanka, *að* bú Íslandsbanka verði tekið til skipta, nema því aðeins, að innieigendur þess banka, innlendir og erlendir, aðrir en Landsbanki Íslands, leggi fram 6—6 1/2 millj. kr. hluta- og áhættufé, og af þvi sé 1 1/2—3 1/4 millj. kr. hlutafé, *að* þvi aðeins taki hinn nýi Útvegsbanki Íslands h/f að sér bæði lífvænleg viðskipti Íslandsbanka og lán hans, þau er fyrirsjáanleg stór töp verða á, að þetta tryggingarfé fáist innan tilsetts tíma, enda verði eldra hlutafé Íslandsbanka fellt niður. En þótt í þessum og fleirum atriðum bankafrumvarpsins sé hallazt að stefnu A þýðuflokksins, er í einu meginatriði gengið í gegn henni. Mjög þungar byrðir eru lagðar á ríkissjóðinn og hinn nýja Útvegsbanka Íslands b/f með fjárframlögum og hlutfallslegri ábyrgð á töpum Íslandsbanka, langt fram yfir það, er nokkra nauðsyn bar til, og er það einungis gert til bagsbóta og í hlíðarskyni við ótryggða innieigendur i Íslandsbanka, innlenda og erlenda, sem nú komast bjá allri ábyrgð á töpum bankans, nema að nokkru leyti þeir, er leggja fram hlutafé, og þó er einnig þeim hlíft að miklu leyti.

Slíka löggjöf álít ég með öllu óverjandi, að fórna hagsmunum þjóðarinnar fyrir hagsmuni ótryggðra erlendra og innlendra lánardrottna bankans, með þeim sjálfsögðu afleiðingum, sem af því verða, annaðhvort með nýjum álögum á landsmenn til ríkissjóðs eða minnkuðum nauðsynlegum framkvæmdum af hálfu hins opinbera.

Nú er svo í pottinn búið um þetta mál, að það kemur aðeins til einnar umræðu í deildinni og með bálfs sólarhrings fyrirvara, svo að þingmönnum gefst litill tími til athugunar á viðtækum breytingartillögum, þótt ég bæri þær fram, um að láta lánardrottna Íslandsbanka bera halla bankans, umfram það, er falla hlýtur á ríkissjóðinn íslenzka, hvernig svo sem fer um bankann, með þvi að fest væru í afskriftarsjóði handa honum 25% af innieignum ótryggðra innieigenda, þó með hlunnindum fyrir þá, er lögðu fram hlutafé. Hinsvegar er víst, af áður gerðum malaumleitunum um samkomulag í þessum efnum, að það náðist ekki, en fullt samkomulag er komið á milli 2—3 flokka þingsins, annara en Alþýðuflokksins, um að láta þjóðinni og ríkissjóðnum heldur blæða fyrir ótryggða lánardrottna bankans heldur en breyta nokkru til um ákvæðin í III kafla frv., er fjalla um, að Íslandsbanki renni inn í Útvegsbankann. Tel ég því tilgangslaust að koma með breytingartillögur um sérstakar greinar þess kafla, en álít núverandi ákvæði svo mikinn höfuðgalla á frv., að óverjandi sé fyrir ríkissjóðinn að láta Útvegsbanka Íslands h/f taka við búi Íslandsbanka með slíkum skilmálum. Vil ég því leggja til, að felld verði niður öll ákvæði, er snerta samruna þennan, svo að bú Íslandsbanka komi til skipta, en Útvegsbankinn taki jafnframt til starfa og taki smámsaman við þeim einum viðskiptum Íslandsbanka, sem lífvænleg eru. Nái þetta ekki fram að ganga, get ég ekki greitt frv. atkvæði.

Legg ég þvi til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við I. kafla, 6. gr. Orðin í síðustu málsgr. »og fullnægt er skilyrðum . . . uppfyllingar þeim skilyrðum« falli niður.
2. — III. kafla. 11., 12., 13., 14. og 15. gr. falli niður.
3. — IV. kafla, 16. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Bú Íslandsbanka skal tekið til skiptameðferðar.

Alþingi, 6. marz 1930.

Héðinn Valdimarsson.